

Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Jóni Bjarnasyni, Katrínu Jakobsdóttur og Ögmundi Jónassyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
<i>Breytingar á sundurliðun 2:</i>			
1. Við 02-884 Jöfnun á námskostnaði			
1.01 Jöfnun á námskostnaði	520,2	520,2	1.040,4
2. Við 09-811 Barnabætur			
1.11 Barnabætur	8.800,0	800,0	9.600,0
3. Við 09-821 Vaxtabætur			
1.11 Vaxtabætur	5.880,0	800,0	6.680,0
4. Við 10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga			
a. 1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög	1.700,0	700,0	2.400,0
b. 1.13 Fyrsti áfangi gjaldfrjáls leikskóla	0,0	700,0	700,0
c. 1.14 Hækkun húsaleigubóta	0,0	1.000,0	1.000,0
5. Við bætist nýr fjárlagaliður: 12-841 Jöfnun á flutningskostnaði			
1.10 Jöfnun á flutningskostnaði	0,0	500,0	500,0
<i>Greitt úr ríkissjóði</i>	<i>0,0</i>	<i>500,0</i>	<i>500,0</i>

Greinargerð.

Í þessum breytingartillögum, sem lagðar eru fram samhliða tillögum um auknar tekjur ríkissjóðs og sparnað í ríkisrekstri, eru lagðar til breytingar sem nýtast þeim sem standa höllum fæti í samfélaginu.

Til að bregðast við húsnæðisvanda fjölmargra einstaklinga og fjölskyldna í landinu er lagt til að einn milljarður kr. verði settur í húsaleigubætur og 800 m.kr. í vaxtabætur. Þá er lagt til að barnabætur verði hækkaðar til að bæta stöðu barnafólks og einnig er gerð tillaga um fjárveitingu til að ná fyrsta áfanga gjaldfrjáls leikskóla.

Þá eru lagðar til breytingar til að jafna stöðu landsbyggðarinnar gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Er þar um að ræða 700 m.kr. aukningu til að bæta fjárhagsstöðu skuldugra sveitarfélaga, hálfan milljarð kr. til að jafna flutningskostnað og litlu hærri upphæð til að jafna námskostnað í dreifbýli.